

Réttarfarsnefnd

Reykjavík, 19. nóvember 2003

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Alþingi,
150 Reykjavík.


Með bréfi yðar 29. október sl. var leitað umsagnar réttarfarsnefndar um frumvarp til laga um breyting á samkeppnislögum nr. 8/1993. Eftir athugun á frumvarpinu telur nefndin rétt að koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

1. Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 40. gr. samkeppnislaga, en eins og ákvæðið hljóðar nú er mælt þar fyrir um heimildir samkeppnisstofnunar til að gera „nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækis“. Í frumvarpinu er lagt til að heimild þessi verði gerð víðtækari, þannig að samkeppnisstofnun geti jafnframt gripið til slíkra aðgerða á heimilum stjórnenda fyrirtækja, auk þess sem orðfæri verði breytt þannig að rætt verði um húsleit í þessu sambandi. Réttarfarsnefnd er sammála þessum meginatriðum, sem frumvarpið felur í sér. Hún vill á hinn bóginn benda á að í frumvarpinu virðist vera dregið eitthvað úr skilyrðum fyrir aðgerðum sem þessum, því rætt er þar um að þetta megi gera ef „rökstuddur grunur liggur fyrir um brot“, en í núgildandi reglu er það skilyrði sett að „ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið“. Ekki verður séð af athugasemdum við frumvarpið hvaða ástæður geti verið fyrir þessari breytingu, en umdeilanlegt getur verið hvort efni séu til að gera hana. Þá vill nefndin einnig benda á að æskilegt væri að afmarka nánar hjá hvaða starfsmönnum fyrirtækis gera mætti húsleit eftir þessum heimildum, en hugtakið stjórnendur gæti í þessu sambandi gefið óþörf tilefni til álitamála.
2. Réttarfarsnefnd er í meginatriðum sammála þeirri stefnumörkun, sem ætla verður að búi að baki 2. gr. frumvarpsins, að samkeppnisyfirvöld fáist við rannsókn og beiti viðurlögum gagnvart lögaðilum (fyrirtækjum) með stjórnvaldssektum, en almennar reglur um meðferð opinberra mála gildi á hinn bóginn um rannsókn og saksókn að því er varðar refsiverð brot forráðamanna lögaðilanna. Nefndin telur á hinn bóginn umhugsunarvert hvort ákvæði 2. gr. frumvarpsins nægi til að marka nauðsynleg skil milli þessara tvenns konar aðgerða og til að leysa úr margvíslegum álitafnum, sem þessari aðgreiningu gætu fylgt. Í þessu sambandi má benda á að ráðgert er í 2. gr. frumvarpsins að samkeppnisstofnun yrði alltaf skylt að tilkynna ríkissaksóknara um mál, sem varða reglur IV. kafla samkeppnislaga, án þess að nokkru ætti að skipta hversu alvarleg brot kunni að vera eða hve líklegt væri að rannsókn gæti leitt til saksóknar á hendur tilteknum einstaklingum. Í frumvarpinu er jafnframt að virðist gengið út frá því að rannsókn færi fram á tveimur stöðum í senn og auk þess undir þeim formerkjum að samkeppnisstofnun væri skylt að gefa lögreglu upplýsingar um ný atriði máls jafnharðan og þau kæmu fram við rannsókn stofnunarinnar, en samsvarandi skylda virðist ekki vera ráðgerð að því er lögregluna varðar. Þá er til þess að líta að samkvæmt 39. gr. samkeppnislaga geta samkeppnisyfirvöld krafist fyrirtæki um allar upplýsingar, sem nauðsynlegar þykja, í tengslum við rannsókn máls. Vegna þessa getur sú staða komið upp að fyrirtæki geti ekki vikist undan því að láta í té upplýsingar, sem gætu varpað grun á það um samkeppnisbrot. Eftir 2. gr. frumvarpsins mundu slíkar upplýsingar þurfa að berast þeim, sem færi með rannsókn opinbers máls vegna sama brots. Á sviði opinberra mála gildir á hinn bóginn sú almenna regla að þeim, sem rannsókn beinist að, er aldrei skylt að láta í té upplýsingar. Þessi atriði ásamt ýmsum öðrum, sem ekki er ástæða til að tíunda hér frekar, gefa að mati nefndarinnar brýnt tilefni til að huga að því hvort ekki þurfi að

setja öllu ítarlegri reglur en hér er gert ráð fyrir um samspilið milli rannsóknar samkeppnisyfirvalda annars vegar og lögreglu hins vegar. Einnig er rétt að vekja athygli á því að í samkeppnislögum er nú þegar að finna ákvæði á eftir 50. gr., sem er auðkennt sem 50. gr. a., sbr. 15. gr. laga nr. 107/2000. Vætanlega væri ástæða til að taka nánar af skarið í upphafsorðum 2. gr. frumvarpsins um hvert númer nýrrar greinar ætti að vera.

3. Nefndin hefur engar ábendingar fram að færa um 3. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd réttarfarsnefndar



Markús Sigurbjörnsson.